

Sp.

341. Fyrirspurnir.

[193. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um raunverulega eignaraðild útvegsmanna að fiskiskipaflotanum.

Frá Bjarna Guðnasyni.

- 1) Hver var váttryggingarfjárhæð alls íslenska fiskiskipaflotans 31. des. 1973?
- 2) Hve hárrí fjárhæð samtals námu skuldir meðlima L. Í. Ú. 31. des. 1973, sem tryggðar voru með veðum í sama fiskiskipaflota og nefndur er í fyrri spurningunni?

II. Til heilbrigðisráðherra um skipun formanns stjórnarnefndar ríkisspítalanna.

Frá Bjarna Guðnasyni.

Hvaða rök liggja til þess, að ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu er skipaður formaður stjórnarnefndar ríkisspítalanna?

III. Til sjávarútvegsráðherra um rækjuveiðar og rækjuvinnslu á Húnaflóasvæðinu.

Frá Steingrími Hermannssyni.

- 1) Hvað hefur sjávarútvegsráðuneytið gert til þess að skipuleggja rækjuveiðar og rækjuvinnslu á Húnaflóasvæðinu með tilliti til þess, sem rækjustofninn er talinn þola, og til byggðasjónarmiða?
- 2) Hvað getur sjávarútvegsráðuneytið gert til þess að koma í veg fyrir, að fleiri rækjuvinnslustöðvar en nú er verði starfræktar á svæðinu, og hyggst ráðuneytið beita sér gegn slíku?